


FÉLAGSBLAÐ NÝALSSINNA

TÍMARIT UM STJÖRNUSAMBANDSMÁL



INDVERSK SAMBANDSSTÖÐ. (Sjá bls. 2)

Útgefandi :

Félag Nýalssinna
Pósthólf 1159, Reykjavík

Ritstjóri :

Dorsteinn Jónsson
Úlfsstöðum, Borgarfirði

Mynd á forsíðu.

Forn indversk sambandsstöð, séð að innanverðu, Khaitya salurinn í Kanhari, Salurinn minnir með súlum sínum á grísku hofin, en fyrir enda hans hefur verið byggður sérstakur innri helgidómur og þar munu fyrirbærin hafa gerzt. Almennur hefur staðið í aðal-salnum umhverfis og notið áhrifanna að nokkru, en við rétta væri þó að allir gætu notið þeirra sem bezt og orðið ásjáandi, og ætti hin innri bygging að vera óþörf þar sem þekking væri vaxandi.

Hinn innri helgidómur virðist nokkuð samsvarandi goðastúkunni í hofum norrænna manna og "hinu allrahelgasta" hjá Gyðingum, en eftir afstöðunni á þessari mynd mætti hugsa sér skýringu á tilkomu hans.

Hafi fyrirbærin byrjað að sjást á þessum stað er mjög skiljanlegt að mönnum hafi dottið í hug að byggja utan um þau, og þá einmitt eftir þeim fyrirmyndum sem menn sáu í fjarsýn þaðan sem fyrirbærin stöfuðu.

Enda er hvelfingarlagið þarna dálítið sérstakt og eiginlega ekki í sem beztu samræmi við fyrirkomulag salarins að öðru leyti.

Myndin var alveg nýlega send Félagi Nýalssinna af Englendingi í Indlandi, sem frétt hafði af Íslenskum heimskeningum.

EFNI

Nokkur orð um lífstarfsíleiðslu, Bjarni Bjarnason	bls. 3
Sakuntalá og Nýall, Þorsteinn Guðjónsson	4
Hugur, jörð og sól, Þorsteinn Guðjónsson	5
Kynning Nýals, Þ.G.	6
Íslensk glíma, Þ.G.	7
Frá útlendum, Þ.G.	8
Frá sambandsfundum, Guðlaug Þ. Guðlaugsdóttir	10
Meira starf, Sigurður Draumland	11
Litið til baka, Þ.J.	12
Heimur ljótleikans, Haukur Sigtryggsson	15
Frumlífssambönd, Þ.G.	16

Framhald af bls. 15

um ósjálfráða skrift að ræða, en þegar þetta var skrifað síðla kvölds fann ég þörf fyrir aðskrifa eitthvað og lék um stund að penna mínum án þess að finna þann kjarna er nægði til skrifta. Síðan kom þessi klausa, þó ég ætlaði reyndar að skrifa um annað, samanber fyrirsögn klausunnar. Er ég hafði fest þetta á blað, hélt ég áfram að skrifa og varð þá til grein sú er ég sendi áður.

Haukur Sigtryggs.

NOKKUR ORÐ UM LÍFSTARFSÍLEIÐSLU.

Í fyrsta bindi Nýals er ritgerð, sem nefnist Lífgeislan og magnan, þar sem margar tegundir fyrirbæra samvitundar og samstillingar taugakerfanna, eru í fyrsta sinn skýrðar og skildar vísindalega. Annars þarf hér ekki að tilgreina efni þessarar merku ritgerðar fyrir lesendum Félagsblaðsins. Ég er að minnast á þetta að því, að ég hefi fyrir skömmu lesið þessa ritgerð að nýju, hún var mér þó áður allvel kunn. Finnst mér nú enn meira til um hvað hún er aðdánlega vel gerð og eins um það ljós, sem þarna er brugðið yfir fyrirbrigði, sem í allri sögu mannkynsins hafa þótt mjög torráðin og hafa allt til þessa tíma verið í þoku og ólýsi. - En útfrá þessu rifjaðist upp fyrir mér reynsla sem ég varð fyrir haustið 1921. Læt ég loks verða af því að skrá hana í eftirfarandi og tel að hún heyri undir efni nefndrar ritgerðar:

Á áður nefndum tíma hafði einstæðingsmaður, að nokkru haft athvarf á heimili mínu. Hann stundaði vinnu á ýmsum stöðum utan þess. Einn dag kemur hann þaðan sem hann stundaði vinnu og er þá búinn að fá lungnabólgu. Sá faraldur gekk þá hér í þann tíma. Á næstu dögum þyngdi honum og að nokkrum dögum liðnum taldi læknir, sem stundaði hann, tvísýnt um líf hans. Olli þessi úrskurður mér nokkurs óróleika. Næstu nótt á eftir hafði ég andvara á mér, en svaf þó nokkuð framan af henni. Vaknaði svo til fulls og fór strax að huga að liðan sjúklingsins. Um það leyti fer ég að finna til verkjar fyrir brjóstinu, sem ágerðist eftir að ég var lagstur fyrir með allsárum taksting og eins og erfiðum andardrætti. Hefi ég hvorki áður né síðan fengið nokkurn snert af slíkri tilfinningu. Lá ég þannig nokkra stund og taldi nærri víst að ég væri búinn að fá umgetinn faraldur og var ekki rótt. Þeir sem voru vakandi á heimili mínu varð brátt ljóst hvernig var komið fyrir mér. En allt í einu kemur mér í hug, hvort hér gæti verið að verki lífsband við hinn sjúka mann og afréð ef svo væri að rífa mig upp úr þessu. Fór fram úr rúminu og klæddist að nokkru og gekk út. Verð ég þess þá var að verkurinn fór minnkandi og mér fór að líða betur. Með nokkru átaki á stuttum tíma tókst mér að losna við þetta. Fann ég að einbeiting viljakraftar míns dugði þar bezt. Með það í huga lagði ég mig fyrir og sofnaði brátt. Um morguninn var ég eins og vanalega, en ekki alveg óttalaus. Hafði í huga að vera vel á verði, ef einhver endurtekning yrði á þessu um nóttina, en til þess kom ekki. Maðurinn andaðist að áliðnum þessum degi.

Þessi frásögn þarf hér ekki frekari skýringa, en vil þó geta þess að þetta hefir orðið mér nokkur sönnun, til viðbótar fyrir skilningi mínum á hinum merku líffræðilegu uppgötvunum dr. Helga Pjeturss. Ég hefi einnig oft fengið meiri og minni greinilega reynslu sama eðlis, en annarar tegundar, sem hafa haft á mig jákvæðar verkanir. Vekur minningin um þær stundir, mér jafnan birtu og yl.

Síðasta vetrardag 1969.

Bjarni Bjarnason,
Brekkuþæ.

SAKUNTALA OG NÝALL.

Indverska orðið Sakuntala taldi höfundur Nýals vera komið frá guðunum og þýða: sá kunni tala. Það er; þegar goðmálugum manni tókst tiltakanlega vel upp að flytja erindi þeirra, þá varð þeim þetta að orði. En hafi einhverjum þótt skýringin ótrúleg, þá mælir það á móti því vantrausti, hve sannfróður sami höfundur hefur reynzt um sumar aðrar orðskýringar. Má þar til nefna orðið samband, sem á indversku máli er: sambanda, og þýðir þar nákvæmlega hið sama og á íslenzku, - og ennfremur það að orðið Ölfus sé áfbakað úr elfós. En gagnvart þeirri skýringu var ég lengi efablandinn, þangað til ég heyrði ungan málfræðing rökstyðja hana í útvarpinu í morgun (11.5.), og gerði hann reyndar þá skemmtilegu undantekningu frá þeirri venju sem ríkt hefur, að hann þagði ekki um nafn dr. Helga Pjeturss í því sambandi eða um það sem hann hafði til málanna lagt.

Konan Sakúntala Devi, sem er indversk og kom fram í sjónvarpi hér þ. 7. maí sl., hafði að vísu ekki þann miðilshæfileika, sem kenna mætti við goðorð eða guðlegan boðskap, en hún hafði annan, sem mun hafa verið öllu vænlegri til að vekja athygli þeirra sem viðstaddir voru tilraun hennar, og var þetta reikningshæfileiki hennar. Menn kunna að reikna, um það efast enginn, og vita bæði getu sína og takmarkanir í því efni. Og þessvegna undruðust þeir, þegar þessi kona leysti á augabragði þrautir, sem æfðustu hugarreikningsmenn myndi taka langan tíma að leysa eða jafnvel vera þeim ofurefli.

Um skýringuna á þessu ætla ég ekki að fjölyrða, því að hún liggur í augum uppi fyrir þeim sem lesið hafa Nýal, og er ástæða til að ítreka, að þar kemur ekkert "yfirnáttúrlegt" til

greina. Aðrir hnettir eru alveg eins náttúrlegir og þessi og íbúar þeirra sömuleiðis en hinsvegar er lífið á mjög misjöfnu þroska- og magnanarstigi á hinum ýmsu hnöttum, og má í því sambandi minnst orða hins framliðna Conan Doyle's eins og þau eru höfð eftir honum í Þónýal:

"Þetta er land þar sem þjáningunni er lokið til fulls, þar sem hugurinn hrærist þúsundfalt sterkar, þar sem innblástur nær mér miklu auðveldlegar. Ég hef líkama". (Þónýall s. 375.)

Þorsteinn Guðjónsson.

HUGUR, JÖRÐ OG SÓL

Sólblettir hafa ekki oft heyrzt nefndir í fréttum undanfarna mánuði, en í haust og sumar er leið var þeirra stundum getið, einkum í sambandi við truflanir þeirra á útvarpi og fjarskiptum, en á þann hátt segja þeir áþreifanlega til sín. Mun hafa dregið úr þeim nú um nokkurra mánaða tíma. Sólblettir fara vaxandi og minnkandi ár frá ári á ellefu ára fresti eða nálægt því, og velkunnugt er um það, að norðurljós og suðurljós jarðarinnar vaxa og minnka í samræmi við þá. En hitt er jafnvíst, þó að vafalaust verði færri til að hafa orð á því, að ókyrrð og æsingar í mannfélögum hér á jörð fylgja einnig hinum sömu tímamörkum, þannig að þær verða jafnan mestar þegar þeir eru í hámarki, og væri þessi margsannaða staðreynd óefað kunnari en hún er, ef menn kynnu nokkra skýringu á henni.

Þegar menn hafa áttað sig á því, að kraftur lífs og hugsunar er af náttúrunni engu síður en þeir kraftar sem eðlisfræðin fæst eingöngu við enn sem komið er, þá fer að verða auðskilið, að þessi ókyrrð í náttúrunni sem blettirnir eru skuli jafnan geta staðizt á við þær hreyfingar á hugum manna, sem stundum leiða til byltinga og blóðsúthellinga, en stundum til jákvæðra og skapandi atburða. Sólblettahámark það sem nú stendur yfir, en hlé virðist vera á í svipinn, gæti orðið öllum öðrum ólíkt, um það að komið yrði upp fyrstu stjörnusambandsstöðinni og hafin stefnubreyting.

P.G.

KYNNING NÝALS.

Allt frá árinu 1958, hefur Guðmundur Sveinsson, skólastjóri Samvinnuskólans, boðið Þorsteini Jónssyni og öðrum Nýalssinum í fylgd með honum, með lengra eða skemmra millibili, að halda kynningar á kenningu Nýals í skóla sínum, síðast í fyrravetur (1968) og hafa á því tímabili ekki aðrir áhrifamenn orðið til að bjóða Nýalssinum slíkt. En nú í vor, 8. apríl, bauðst Þorsteini nokkuð líkt af hendi Lions-félaga í Borgarnesi, og mun Bjarni Skarphéðinsson rafvirki hafa haft forgöngu um það mál.

Í bréfi til mín segir Þorsteinn: Ég flutti þarna erindi eftir að Bjarni hafði gert nokkra grein fyrir komu minni, sem honum tókst vel. Byrjaði ég þarna blaðalaust og fremur kraftlítill í fyrstu, svo ég greip til þess að lesa úr gömlu erindi, og náði mér þá bráðlega upp í fullan róm og aukinn kraft, og þó betur síðar, eftir að umræður hófust. - Það er ástæða til að geta þessa fundar í félagsblaði, og eiga Lions-félagar þakkir skildar fyrir þetta frumkvæði. - Með Þorsteini var á fundinum af Nýalssinum Sveinn Þ. Víkingur en Bjarni Skarphéðinsson er nú orðinn styrktarfélagi okkar.

P.G.

ÍSLENZK GLÍMA

Meðal þeirra gjafa, sem félaginu hafa borizt til stuðnings byggingaframkvæmdinni er ein sem ekki er í reiðufé og gæti þó orðið gulls ígildi, fyrir utan það hve ánægjulegt er að veita henni viðtöku. Þetta er bókin "Íslenzka glíman" eftir Emil Tómasson, en gefandinn er frú Guðrún dóttir höfundarins, og er þetta 100 eintaka afgangur af upplagi, sem hefur verið til sölu fyrir norðan og mikið keypt þar.

Bókin "Íslenzka glíman" hefur að geyma endurminningar gamals manns um glímuna, eins og höfundur segir í formála, en að vísu er þarna rakin saga glímunnar víða um land á 19. öld og fyrr og sérstaklega vakning hennar í Þingeyjarsýslu og Eyjafirði nálægt aldamótunum, um það leyti sem ungmennafélagahreyfingin hófst, Grettisglímurnar á Akureyri 1906-1909 og margt fleira. Er það ekki mitt meðfæri að tala um glímu og glímumál, en þess í stað ætla ég að taka hér upp skemmtilegan kafla um viðskipti föður og sonar, sem þarna segir frá. Höfundur, Emil Tómasson varð annar í Grettisglímunni 1907 og féll þá

fyrir Jóhannesi Jósefssyni, hinum mikla kraftamanni, og varð Emil það á að ganga beint framan að andstæðingi sínum og ógæti lega, því að honum þótti það djarfara og meir í anda fagurrar glímu en að leita sér lags. En af því sem á eftir fór segir höfundur svo:

"Minnisstætt verður mér samtál okkar föður míns um daginn eftir glímuna. Var þá búsettur á Akureyri og hafði að sjálf-sögðu horft á leikinn. Var hann nú orðinn hart nær sextugur að aldri. Hafði hann verið skæður glímumaður á yngri árum, hið mesta karlmenni að burðum og eftir því skapaður og fylginn sér. Minnst ég ekki að hafa séð sverari handleggi á nokkrum manni og hnykludust vöðvarnir alveg fram á úlnlið. Hann var í tíu sumur kaupamaður hjá fóstura mínum, Kristjáni í Úlfsbæ. Vitnaði hann oft til föður míns um snörp átök, og bætti þá stundum við: "Ja - jæja. Það munu fáir hafa vitað um afl Tómasar. Ja - jæja!"

Við gengum saman á götunni feðgarnir, og vorum á heimleið, því að ég hélt til hjá honum. Auðvitað barst glíman í tal. Var þungt í gamla mannum og fékk ég óspart að kenna á því. Brigslaði hann mér um ræfilshátt í glímunni við Jóhannes og sagði að frammistaða mín hefði lýst aðburðalausum og skaplausum vesalingi. - "Þarna gekkstú eins og sofandi sauður beint í fangið á þínum hættulegasta andstæðingi, þar sem við öllu illu var að búast, og sýndir engin viðbrögð til varnar fremur en sauðkind sem leidd er til slátrunar." - Mér sárnaði þessi reiðilestur og sennilega mest vegna þess, að ég fann undir niðri, að töluvert var satt í þessu. Ég reyndi að sjálf-sögðu að malda í móinn, benti honum á þær glímureglur, sem ég hefði ungur lært að virða, sagði eins og satt var, að ég teldi meira um vert að glíma vel og drengilega en að hugsa um hitt einvörðungu að verða ofan á og bera sigur af hólmi, hversu sem hann væri feginn. En karl var hinn æfasti, sagði það þýðingarlaust að ætla að reyna að hylja skömm sína undir gagnslausum glímuvendum. Þar yrði fyrst og fremst að hugsa um að sigra. - Ég skyldi ekki hafa hikað við að bjóða Jóhannesi, þó sterkur sé, í eina bröndotta, ef ég hefði verið ofurlítið yngri. Ég hefði sannarlega haft gaman af að þreifa ofurlítið á honum."

Bókina "Íslenzka glíman" má panta hjá félaginu, í pósthólf 1159, og kostar hún 200 krónur. Félagsmenn gætu einnig reynt að vekja athygli á henni út á við, við glímumenn og aðra unnendur íþróttanna.

D. G.

FRÁ ÚTLENDUM

Sveinn Haraldsson hefur nú um nokkurt skeið átt bréfaskipti við ungan Pólverja, sem vildi kynna Íslenskri tungu og öðru, og færðust þessi bréfaskipti síðan einnig yfir á mig, og höfum við skipzt á um að skrifa honum. Árangurinn er sá að maðurinn er farinn að læra Íslensku af kappi, lesa Nýal og skrifa vinum sínum í ýmsum löndum um þessar Íslensku kenningar um líf á stjörnunum. Einn heitir Lompolo og er búsettur í Svíþjóð, en mun vera finnskur, og skrifaði hann mér um sýnir sínar, sem merkilegar eru, og nú skrifar Lompolo Pólverjanum um það sem hann skrifar okkur aftur; að sagt var frá því í finnska útvarpinu nýlega, að maður þar í landi sé kominn í samband við aðrar stjórnur og sjái framliðna vini sína þar. Ég læt hér koma kafla úr bréfi Pólverjans eins og hann hefur skrifað það á þeirri Íslensku sem hann hefur komizt yfir að læra. Auðvitað eru þar gallar á, en sumar setningar hans eru vel myndaðar.

"Ég hef sagt honum frá mörgu sem ég hef lesið í Nýal. Það er mjög skemmtilegt mál fyrir honum. Hann segir í bréfi sínum, að hann heyrði til finnsk (s) útvarp (s) og fékk að vita að maður einn hefði séð "bilder-pictures" (myndir). Hann sá vinir hans lifa á öðrum hnetti. Þeir eru framliðnir héðan af jörðu. En hann sá þá vera sæl(a), í bezta ástandi. Þessi maður sagði hann hafði verið (væri) viss um að vinir hans séu lifandi á öðrum hnetti!"

Þetta segir þessi ungi Pólverji, eftir Finna í Svíþjóð, sem frétti í finnsku útvarpi af slíkum manni. Skyldum við eiga eftir að heyra fleira frá þessum mönnum?

Englendingur sem býr í nánd við helgistaðinn Benares í Indlandi, líklega heillaður þangað af trúarbrögðum landsmanna, bað nýlega um fróðleik frá Íslandi, og sagðist ætla að reyna að ná sambandi við stjórnurnar. Eftir er að vita hvernig honum tekst það. - Viðbót, að fengnu öðru bréfi:

Það er hætt við að honum miði seint, því að hin austræna hugsanamolla hefur síast of djúpt inn í hugskot hans. En þó er þetta gáfaður og leitandi maður að upplagi. Hann þykist hafa fundið einhverja hugarrósemi þarna fyrir austan, en þessi værð hans er mest í því fólgin að hætta að skilja. Þessvegna segir hann: ekkert nýtt undir sólunni, ekkert hægt að fullyrða - og fullyrðir með því sjálfur.

P.G.

FRÁ SAMBANDSFUNDUM.

(Guðlaug Þ. Guðlaugsdóttir segir frá).

Ég hef nú setið á sambandsfundum Félags Nýalssinna hátt á annað ár, að vísu ekki alltaf, en mjög oft. Mér virðist, að ég hafi stundum farið þaðan með talsverðan fróðleik, sem gaman og gagn var að heyra. Að minnsta kosti tel ég mig hafa farið þaðan ánægðari og betri manneskju í hvert skipti. Veit ég þó, að þessir sambandsfundir eru ófullkomnir og í smáum stíl, enn sem komið er, en þetta á eftir að eflast og verða fullkomnara. Allt tekur sinn tíma.

Þarna koma meðal annars vinir og vandamenn framliðnir og tala við vini sína, sem þarna eru á fundunum. Nú síðastliðinn 3. febrúar, 1969, komu foreldrar mínir í sambandið og töluðu við mig, fyrst móðir mín, svo pabbi minn. Þau höfðu ekki til umráða nema örstutta stund hvort. Hún heilsaði mér innilega og sagðist vera svo innilega þakklát yfir þessum framförum, sem orðnar væru á sambandsmálum, og þakklát þeim, sem réðu yfir þessu, að geta nú fengið að tala við mig þó ekki væri nema stutta stund. Hún talaði reiprennandi. Ég spurði, hvort henni liði ekki vel. Jú, hún sagði að sér liði svo óumræðilega vel, hún gæti ekki með orðum lýst því, hvað sér liði vel. Hún sagði, að þau byggju saman, hún og pabbi. Ég spurði, hvort börnin þeirra og Gústa mín væri ekki hjá þeim. "Já, já" sagði hún, "og margt fleira fólk". Eitt-hvað fleira sagði hún af mikilli hrifningu og meðal annars hvað pabbi væri alltaf glaður og kátur. Meira sagðist hún nú ekki geta sagt núna, tíminn væri búinn. Hún sagði mér að vera blessuð og sæl og sagðist skyldi hjálpa mér eftir mætti. "Og nú kemur pabbi þinn", sagði hún.

Þá kom nú pabbi og var mjög glaður að heyra. "Komdu blessuð og sæl, Guðlaug, dóttir mín", sagði hann, mikið er gaman að geta nú talað við þig og mikið er ég þakklátur. Hér er maður, mikill vinur þinn og kona líka. Hann vill tala við þig og hún líka. Þau vilja mikið hjálpa þér. Þetta sögðu þau bæði, mamma líka. Þau töluðu bæði alveg hiklaust. "Viltu ekki verða fjarskygn", sagði pabbi, "og sjá heim til okkar". Ég játaði því. "Þá mun ég reyna að veita þér það", sagði hann. Nú var tími hans búinn, hann kvaddi mig og fór. Ég fann lengi vel hlýjuna og hinn mikla lífsþrótt er þau höfðu.

Tvisvar sat ég á miðilsfundi um og eftir áramótin. Á báðum þeim fundum kom sami maðurinn til mín. Sagðist hann vera Íslendingur

og hafa átt heima á Íslandi og vera nokkuð nýlega farinn. Sagðist hann vera læknir og hefði hann mikið hugsað til mín. Kvaðst hann vilja reyna að senda mér mikla hjálp. Meðal annars sagði hann: "Þú munt vilja skynja til stjarnanna og munt geta fengið það. Á mínum hnetti er mikið af skyldmönnum og kunningjum þínum, sem alla langar til að hjálpa þér og hafa sterkan og góðan hug til þín. Þetta muntu allt fá að reyna. Þú munt nú vilja heyra nafn mitt, sem von er til, og mun ég reyna að nefna það". (En það tókst nú ekki í það sinn. Ég bíð bara róleg, því seinna kemur það).

Ég fór á sambandsfund 10. febrúar s.l. Hann var nú ekki nema rétt í meðallagi og lítið um fróðleik, enda ekki á fundinum nema einn af miðlunum, Sveinn Haraldsson. En í það sinn kom maður í sambandið sem ávarpaði mig og sagði mér frá því, að maður, mjög mikill og sterkur vildi hjálpa mér mikið, og um það sagði hann eitthvað fleira, sem ég man nú ekki orðrétt. En hann átti bággt með, að tala fyrir munn miðilsins, og varð að líkindum að hætta þessvegna.

Guðlaug Þ. Guðlaugsdóttir.
(12. febrúar, 1969)

MEIRA STARF.

Augljóst er orðið, af rökum þeirra manna, sem hafa gáfu til að rannsaka, viðurkenna og að færa skoðanir sínar í hæfan búaing, að lífið er náttúrufræðilegt viðfangsefni, en ekki háð hugmyndum trúarbragða, - að öðru leyti en því, að flestir trúarbragðahöfundar munu hafa nokkurt samband við stjórnendur framlífs á öðrum hnöttum, en oftlega misskilið vitranir þær sem gáfust. Hér til kemur líka í frádrátt á áreiðanleika hverskyns trúar og trúarbragða, að "söfnuðirnir" hafa vísvitandi afbakað kenningar sannra spámanna, svo sem einna átakanlegast er kunnast um kristindóminn í höndum kaþólsku kirkjunnar.

Engar getur þurfti ég að því að leiða fyrir sjálfum mér og öðrum, er ég barn að aldri las rit spiritista og guðspekinga, er flestöll voru í eigu heimilisins, að kenning dr. Helga Pjeturss, sem þá var farinn að koma fram í ritgerðum í blöðum og í fyrstu heftum Nýals, væri skýring og leiðrétting á spiritisma og guðspeki. Síðan er mér stjörnujarðfræði og stjörnulíffræði dr. Helga sannleikur er ekki verður hrundið.

Nú er að sjálfsögðu um það að ræða, að vinna að framgangi

rétt skilnings á rökum lífsins. Og hefir Félag Nýalssinna unnið að því eftir getu, með útgáfu rita dr. H.P. og fundahöldum innan síns hrings. Svo og með áætlun um stjörnusambandsstöð hér á landi. Þetta er allt á réttri leið, og væntanlega gefa menn almennt gaum að málefninu, sem hvað líður. Eitthvað verður þó að ýta meira undir þekkinguna og viljann raunar fyrst, þó oft sé svo, og raunar eðlilegt, að viljinn komi ekki fyrr en á eftir þekkingunni. Það er t.d. ekki nóg, að hafa heildarsafnið, Nýalana, til sölu. Ég geri þá tillögu, að félagið gefi út í vasabókarbroti, ritgerðina Björgun mannkynsins, sem kom í Framnýal, og hafi til sölu á blaðaafgreiðslum, í búðum, og skrifstofum.

Þá er raunar hinn eiginlegi tilgangur þessarar smáritsmíðar, að hvetja félagsmenn til að hefja útgáfu á ritum dr. Helga Pjeturss. Á ég hér ekki við það efni, sem birt er í öllum sex Nýölunum. Á ég við það efni sem ekki hefir fengið rúm þar, og ekki í Ferðabókinni, sem Bókfellsútgáfan gaf út. Í síðari útgáfu Þónýals sé ég ritaskrá, sem inniheldur margt ritsmíða dr. Helga, sem ekki hefir komið í bókarformi. Auk þess er í Viðnýal skrá yfir erlendar ritgerðir; fylgir skrá þessi grein eftir Jakob Línadal. Grein um ævi sína átti dr. Helgi eitt sinn í Minningarriti Latínuskólans. Viðar mætti leita.

En hinni nýju aukaútgáfu ætti að skifta í þrjú bindi, í broti eins og Ferðabókin. Í einu ættu að vera jarðfræðiritgerðir, svo sem þær úr þýzku handbókinni 1910, Hreyfing og vöxtur, úr Tímariti Bókmenntafélagsins og þýðingin á Hvíta selnum eftir Kipling. Í öðru skyldu vera ritgerðir um ýms efni, svo sem þær úr Skírni, sem eru margar. Ferðasögur H.P. í Skírni komu í Ferðabók, en ekki hafa komið í bókarformi: Sturla Sighvatsson, Kveldræður, Úr trúarsögu Forníslendinga. Og fleiri ritgerðir eru í Skírni, e.t.v. ritdómar. Eða annarsstaðar í ritum. Í þriðja bindi kæmu ritgerðir um Nýalsfræðina, þær Íslenzkar, t.d. Á Bröttubrekku, er ekki koma í Nýölum, og auk þess allar greinar á erlendum málum er komu í þýzkum og enskum vísindaritum. Þær ætti ekki að þýða, heldur birta á frummáli tímaritanna. Í þessu bindi ætti að varðveita, að lokinni söfnun, öll bréf sem hægt væri að fá inn frá erlendum viðtakendum.

Sá sem sér um þessa útgáfu verður að vera samviskusamur og duglegur maður. Mætti benda á Þorstein Jónsson, ritstjóra Félagsrits Nýalssinna. - Hér man ég alt í einu eftir því, að á

bls. 152 í Þónýal, segir dr. H.P.: "Það er orðið svo mikið af skrifuðum pappír sem ég á í fórum mínum, að ýmislegt er mér orðið ekki auðvelt tiltaks."

Getur nú ekki verið, að í þessum pappírnum leynist sitthvað til útgáfu. Sumt þegar nokkuð heillegt, annað í athugasemdum og minnisgreinum. Og nokkuð er það, að merkir höfundar um allan hinn menntaða heim, hafa verið gefnir út, í athugasemdum og minnisgreinum, heil bindi, eins og efnið lá fyrir. Gerið þetta nú fyrir H.P. Áskriftum ætti að safna, gjöfum ríkra manna vinveittra, ríkisstyrk, og hafa útsölustaði marga, en aðeins valda.

Leturlitur á bókunum vildu nú flestir hafa bláan. Hann er líka táknrænn fyrir himinhvolf jarðar vorrar, sem málið snertir nokkuð, þar sem gegnum það fara öll viðskiptin með fræðsluna og er vegur hinstu ferðar hvers og eins, hvort sem jatar eða neitar, þegar þar að kemur.

Sigurður Draumland
Akureyri

Sig. Draumland, sem að vísu er ekki félagsmaður okkar hefur sent okkur þessa grein og Þorsteinn Jónsson tekið hana til birtingar, enda munu allir Nýalssinnar telja hana góðra gjalda verða. Hvað framkvæmd þess snertir sem þarna er hreyft um útgáfu og annað, þá er að vísu ekki vitað um möguleika á því enn sem komið er, og hlýtur annað að ganga fyrir nú sem stendur, - ein s og öllum er ljóst, - en náist sá áfangi sem nú er næstur mun skammt að bíða þess að greiðist úr um fleira.

P.G.

LITÐ TIL BAKA

Það var í nálega 10 ár eða frá því í nóv. 1953 þar til í maí 1963 að félagsblað Nýalssinna kom út eingöngu í sundurlausum blöðum, og þykir mér því vafasamt, að félagsmönnum hafi yfirleitt tekist að varðveita þau frá glötun og gleysku. En þar sem ég hygg, að á þessum sundurlausu og stundum ekki vel fjölrituðu blöðum hafi sumt komið fram, sem ekki er síðra en margt það, sem í heftunum hefir birzt, þá kynni af þessu að vera ástæða til að rifja hér eitthvað af því upp. Og það sem ég byrja nú þessa upprifjun mína á, er ávarp okkar Kristleifs á Húsafelli, sem birtist á fyrstu síðu fyrsta félagsblaðsins, og læt ég það koma hér óbreytt með öllu:

Blaði þessu er ætlað að vera tengiliður á milli Nýalssinna og að-
eins fyrir þá. Það á að flytja fréttir af því, sem kann að gerast
á fundum félagsins í Reykjavík og víðar, og það á að vera umræðu-
vettvangur. Er blaðinu ætlað að birta tillögur og, ef því er að
skipta, gagnrýni á það, sem gert er eða ógert látið. Í því er ætl-
ast til að félagar leiði fram skoðanir sínar á tilverunni og beri fram
áhugamál sín. Einnig væri vel þegið, að menn segðu þar frá ýms-
um staðreyndum snertandi málefni Nýals, svo sem draumum og
fyrirburðum, og gæti þar orðið vísir að merkilegu þjóðsagnasafni
séðu í nýju ljósi.

Að öðlast þann skilning, sem Nýall veitir, mun hverjum Nýalssinna
hafa reynst hið mikilsverðasta. En fyrir sambönd og samtök getur
sá skilningur fyrst orðið virkur og magnandi. Var félag Nýalssinna
stofnað í þeim tilgangi að skapa möguleika slíkum samböndum og
samtökum. Og í sömu átt er reynt að stefna með útgáfu þessa
blaðs. Með stofnun þess er að vísu fyrst verið að greiða fyrir
þeim, sem búa utan Reykjavíkur, til að vera þátttakendur, en
megintilgangurinn er, að allir félagar eigi hér jafnan aðgang og
aukinn þátttökumöguleika. Og að sem flestir félagsmenn verði hér
þátttakendur, er hin mesta nauðsyn bæði félagsins vegna og sjálfra
þeirra. Við það að orða hugsanir sínar og tefla þeim fram byggir
maður þær upp og skýrir, en það er einmitt undir því komið mest,
að hugsun manns sé ljós og á framfaraleið, að hin rétta samstill-
ing geti tekist þeirra á milli. Hin rétta samstilling er hið eftir-
sóknarverðasta takmark Nýalssinna, og leiðin til þess er framar
öllu, að einstaklingar geti á einhvern hátt verið virkir í sókninni
að því marki. Það sem þarf til þess að ná hinu rétta marki, er
að öðlast fleygan hug, en fleygur verður enginn hugur án viðleitni
til flugs, viðleitni til skilnings og ígrundunar. Leggið þið því fram
það sem þið hafið ráð á í hugsun og orðfæri, og það mun ávaxta
sig þannig, að hugsun hvers mun þá verða ljósari. Segið það,
sem ykkur býr í brjósti á einfaldan hátt. Það er allur vandinn.
Sendið undirrituðum ritsmíðar og bréf merkt eigin nafni eða dul-
nafni, og ræðið þar um hin nýölsku áhugamál ykkar og fleira, og
þó helst ekki í mjög löngu máli. Má svo vel fara, að blað þetta
verði vettvangur hinna merkilegustu hugsana, því að ekki má tak-
mark Nýalssinnans vera minna en það.

Á eftir þessu ávarpi, sem ég stytta hér örlítið, var í fáum drátt-
um rakin saga félagsins, sem þá var ekki löng orðin, og aðdrag-
anda þess. En þar sem mig minnir, að sú upprifjun hafi verið

tekin upp annarsstaðar, þá geri ég það ekki hér. Hins vegar þyk-
ir mér ekki vera úr vegi að taka hér upp mótmæli nokkur, sem
birtust í þessu fyrsta blaði, þar sem einmitt samskonar tilefni
hefir átt sér stað nýlega. Það er að vísu ekki alveg nýtt, að Nýals-
sinni tali um samband milli hugarfars og veðurfars. En þó að
slíkt samband muni nú víst ekki vera viðurkennt af veðurfræðing-
um og ekki sálfræðingum heldur, þá mætti öllum vera ljóst, að
hvað eina gefi þó áhrif á annað og að nokkuð muni þó vera mis-
munandi, hve þeirra áhrifa gætir hverju sinni. Kemur þar til
greina þetta, sem ég hefi nefnt ástæðu, sem ekki einungis á sér
stað á milli hliðstæða á sama stigi, heldur einnig milli ýmsra
fyrirbæra á mismunandi stigum. Og um slíkt ástæði hliðstæða
á mismunandi stigi hygg ég nú að sé einmitt að ræða milli hugar-
fars og veðurfars, og að það muni því ekki eingöngu hafa verið
tilviljun, að veðurfarsumhverfing átti sér stað, þegar til stóð að
hefja hér heræfingar við land haustið 1953 og að heræfingar áttu
sér hér stað seinni hluta apríl 1969. A. m. k. mun enginn geta
neitað því, að það þrennt hafi nú farið saman, heræfingar uppi
á hálendi Íslands, deila á milli vinnuveitenda og vinnenda og svo
þessi nærri ótrúlega mikli kuldi og vorleysi um það leyti, sem
sumarið átti að hefjast, og læt ég nú koma hér hin nærri 18 ára
gömlu mótmæli.

Eins og kunnugt er, þá stóð til undir lok septembermánaðar s. l.
að framkvæma hér við land miklar heræfingar, og fór að vísu
þannig, að ekkert varð af vegna umhverfingar veðráttunnar. Ræddu
sumir um það á eftir, að landvættir hefðu verið þarna að verki,
og hefði vel mátt láta sér koma í hug, að eitthvert samband hefði
verið milli hinnar snemmkomnu vetrarveðráttu í byrjun október
og hinna hernaðarlegu fyrirætlana. En hvað sem þessu líður, þá
er allur hernaður svo fjarri hinu nýalska sjónarmiði, að ástæða
er fyrir félag Nýalssinna að taka afstöðu gegn öllu slíku. Tillaga
mín er því sú, að félagið mótmæli því, að nokkru sinni verði
leyfðar heræfingar og hernaðaraðgerðir innan íslenzkrar landhelgi.

Að endingu ætla ég hér að taka upp smágrein merka ib. en sem
vera mun eftir Ingibjörgu Björnsson, og er grein sú um mátt hug-
ans og hversu slysum og óhöppum mundi fækka, ef góðvildin ein
yrði ríkjandi í hugsun svo að allir gættu þess að óska öðrum aldrei
nema góðs, og er greinin á þessa leið:

Allir hafa heyrt, að hugsanir séu tollfrjálisar og fleira í þá átt,
en einn þáttur hinna nýju vísinda er einmitt, að svo sé ekki. Og
þó að Nýalssinnar viti, að samstilling er máttur, er ekki þar

með sagt, að þeir geri sér ævinlega nógu ljóst, hve mikill sá máttur er, sem í hugum manna getur búið. En séu þessi mál athuguð, mun koma í ljós, að óvild og ósamkomulag bjóða jafnan slysum heim, og er slíkt þó aldrei eins hættulegt og innan fjölskyldu og vinahópa. Hefi ég athugað þessi mál nokkur undanfarin ár, og er reynsla mín sú, að eins og ég hugsa til annarra hugsa þeir til mín, og virðast mér sú reynsla svo mikilsverð, að mér beri að benda öðrum á hana. Þætti mér fróðlegt og vel til fallið, að Nýalssinnar athuguðu þetta mál og settu fram reynslu sína þar um hér í blaðinu. Sömuleiðis væri æskilegt, að þeir gerðu athuganir varðandi hugskeyti, og er það náskýlt hinu fyrirtalda.

Þetta voru orð ib.

P.J.

HEIMUR LJÓTLEIKANS

skiptir Byrjið í smáum bendið á ranga
stefnu en ætlið ykkur ekki ofstórt
verk í einu þá orð á réttri stundu

skiptir Byrjið í smáum bendið á ranga
stefnu en ætlið ykkur ekki ofstórt
verk í einu þá orð á réttri stundu

Korgur hér. Ég kenni ennþá þeim er við taka, ég kenni öllum stefnu lífsorku og ljóss. Ykkar heimur er nú illa á vegi staddur og þörf að laga lífsmáta. Því verða allir þeir sem vita að vinna, enn má mörgu bjarga, enn er hægt að snúa til réttar áttar. Heimur ljótleikans þarf ekki að vera alla tíð hjá ykkur. Tefjið ekki við lífilsverða hluti, sinnið því sem máli skiptir. Byrjið í smáum, bendið á ranga stefnu, en ætlið ykkur ekki ofstórt verk í einu. Fá orð á réttri stundu vinna stór verk, þó ekki sjáist verkun þeirra fyrir en síðar. Verið djarfir en þó hægir. Kem síðar.

Korgur.

Þessa klausu skrifaði ég í jan. s.l. sendi með sýnishorn af þeirri rithönd sem ég skrifaði þá; einnig sendi ég sömu klausu ritaða eins og ég skrifa venjulega. Ég vil ekki halda því fram að hér sé

Framhald á bls. 2.

FRUMLÍFSSAMBÖND

Fram eftir vetri náðist stundum samband við Burdík, samhliða öðrum samböndum, en þar sem ekki voru skilyrði til að veita því nægjanlega viðtöku, féll þetta niður, og hætti hans að verða vart. Var eins og hann yrði í fjarska, sem áður var nálægur. Einhvern-tímameðan hann náði enn samböndum, talaði hann um miklar breytingar sem þá væru að verða á þeim hnetti, og að hann vildi gjarnan geta sagt okkur frá því sem væri að gerast. Hefði það þá getað greitt fyrir, bæði okkur hér og eins fyrir honum að koma sér við gagnvart þeim breytingum. En það mun honum ekki hafa tek- izt að neinu ráði, og mun aðstaða þeirra þar vera jafnvel lakari en áður, og eitt sinn (í des. s.l.) kom fram að hann væri á fundi við aðeins annan mann. Sagði hann þó að í hinu litla húsi, sem þeir hefðu til að koma saman í, væri gott til vitsambands. Síðan höfum við ekki heyrt til hans, en nýlega sagði annar, sem taldi sig vita til hans, að margt stefndi miður vel á þeim hnetti, en þó héldu þeir áfram tilraunum nokkur hópur, og er nú þess að óska að þeir nái stefnunni og atburðir snúist þeim í hag.

Á fundi 24. apríl s.l. kom fram nýtt samband, sem skilja mátti að einnig væri við frumlífshnött og var sagt að uppgötvuður líf- sambandsins væri þar fyrir ekki löngu látinn, en þó væru þar hafin samtök um tilraunir og hefðu þeir byggingu til þeirra nota og væri þó skammt á veg komið. Við spurðum hvort þeir hefðu miðla, og var því ógreinilega svarað, og beindist þó eitthvað að þeim sem svaraði, og má vera að hann liti að einhverju leyti á sig sem miðil. Nefndi hann sig Ssistin Okurru, og er vonandi að það hafi komð nokkurnveginn rétt fram. Spurt var hvort hann væri foringinn en ekki vildi hann láta mikið yfir því. En vonandi er að honum auðn- ist að koma fram nánari vitneskju um sína hagi áður en líður.

P.G.

Félag Nýalssinna. Stofnað 1950. Tilgangur félagsins er að afla viðurkenningar á uppgötvun dr. Helga Pjeturss um eðli svefns og drauma og að stofna til sambands við líf á öðrum hnöttum. Félagssfundir eru haldnir fyrsta miðvikudag hvers mánaðar í húsnæði félagsins á Laugavegi 24, kl. 9 e.h. Framlög til stjórn- sambandsstöðvar má senda beint í pósthólf félagsins nr. 1159 Rvík eða snúa sér til stjórnarmanna félagsins, sem eru þessir:

Þorsteinn Guðjónsson, Sólheimum 23, sími 82898.

Sigurður Ólafsson, Fálkanum s. 18670, heima Flókagötu 63, s. 16274

Sveinn Haraldsson, Þingholtsstræti 22a.

Ingvar Agnarsson, Gúmmívinnustofunni s. 30688,

heima Hábraut 4 Kópavogi, s. 40593.